

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingu hegningarhúss í Reykjavík.

1872.
18. maí.

Til samlags við bréf stjórnarráðsins 15. f. m. sendum vör yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af samningi þeim, sem dómsmálastjórnin hefir gjört við timburmeistara Klentz um byggingu hegningarhúss og fl. í Reykjavík. Einsog yður mun vera kunnugt, á kaupþað, sem samið er um fyrir bygginguna, 22,270 rd., sumpart að greiðast af dómsmálasjóðnum, sumpart af jafnaðarsjóði suðuramtsins, og að endingu af Reykjavíkurbæ að nokkru leyti, eptir því rúmi, sem í byggingunni er ætlað til hegningarhúss, dómhúss handa landsyfirréttinum, fangelsis handa Reykjavíkurbæ og nokkrum hluta suðuramtsins, og að endingu til húsnæðis handa bæjarþingi Reykjavíkur og bæjarstjórninni, á þá leið, að

I. dómsmálasjóðurinn greiði

a. fyrir hegningarhúsið, sem ætlað er að hafi útrými fyrir:

1) 8 einklefa, uppá 820 rd. . 6,560 rd.

2) 1 samverustofu handa karlmönnum 2,700 —

3) 1 samverustofu handa kvennfólki 1,780 —

4) 2/3 af tveimur sjúkra stofum, uppá 1,440 rd. og 1,160 rd. 1,733 — 32sk.

12,773 rd. 32sk.

b. fyrir dómhýsi handa lands-

yfirréttinum 1,420 — » - 14,193rd.32sk.

II. jafnaðarsjóður amtsins og Reykjavíkur bær í sameiningu fyrir fangelsið, sem ætlað er að rúmi:

1) 2 einklefa uppá 820 rd. . 1,640 rd. » sk.

2) 2 tvíklefa uppá 1,200 rd.. 2,400 rd. » -

yfir um 4,040 rd. » - 14,193rd.32sk.

1872.

18. maí.

yfir um 4,040 rd. » sk.14,193 rd.32 sk.

- 3) $\frac{1}{3}$ af tveimur sjúkra-
stofum, uppá 1,440 rd. og

1,160 rd. 866 — 64 -

4,906 rd. 64 sk.,

III. og Reykjavíkur bær útaf fyrir sig fyrir rúm
handa ráðstofunni:

1) húsnæði handa bæjarþinginu . 1,560 rd.

2) — — bæjarstjórninni . 1,610 —

3,170 rd.

Jafnframt og stjórnarráðið býst við, að Reykjavíkur bær gangi að því, að greiða tæða upphæð, 3,170 rd., mælumst vèr til, að þèr leitið til samninga við þá, sem í hlut eiga, og sendið stjórnarráðinu skýrslu um, hvað um samið verður; sómuleiðis mælumst vèr til, að fá uppástungu frá yður um, hvernig jafna eigi niður þeim hluta af kostnaðinum, sem lendir á Reykjavíkur bæ og jafnaðarsjóði amtsins fyrir það fangelsisrúm, sem þeim heyrir, og um það, hvernig eigi að fá til það fè, sem með þarf til þessa. Að því leyti, er snertir þann hluta af kostnaðinum, sem lendir á dómsmálasjóðnum, sem er 14,193 rd. 32 sk., skal þess getið, að selja verður hin konunglegu skuldabréf, sem sjóðurinn á, og sem samkvæmt skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, dagsettri 2. maí f. á., hljóða uppá 5,554 rd. 36 sk., og senda þau hingað, ef þess þarf við; en með því skuldabréf sjóðsins uppá einstaka menn, samkvæmt tæðri skýrslu yðar, ekki verða borguð fyr en á nokkurra ára fresti, hefir stjórnarráðinu fundizt það réttast, að það, sem eigi verður borgað með hinum konunglegu skuldabréfum og því, sem er til í sjóði, verði greiðt af því fè, sem samkvæmt áætlun um tekjur og og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872-73, 10. gr., er ætlað í hjálparsjóð, gegn því, að skuldabréf dómsmálasjóðsins uppá einstaka menn verði afsöluð tæðum hjálparsjóði, og mælumst vèr til, að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf að þessu leyti. Að endingu mælumst vèr til, að þèr samkvæmt 4. gr. a. í fyrnefndum samningi smásaman ávísið timburmeistera Klentz eða fulltrúa hans allt að 6000 rd. úr jarðabókarsjóðnum, eptir virði þess,

sem unnið er að byggingunni í Reykjavík, og sendið hingað, svo fljótt sem verða má, skýrslu um, hve mikið sè borgað í hvert skipti.

1872.
18. maí.

56. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nafnbótaskatt.

23. maí.

Við endurskoðun jarðabókarsjóðs -reikningsins fyrir 1870-71 eru þær athugasemdir gjörðar, að á því ári hafi ekki verið heimt-aður af yður nafnbótaskattur, sem þér eigið að greiða sem biskup yfir Íslandi, og að þér eigið að borga nafnbótaskatt eptir því, sem heyrir 3. flokki, 9. stigi, sökum þess að það, sem fyrir er mælt í lögum 26. marz 1870, 13. gr., að eigi skuli borga skatt af þeirri nafnbótartign, sem sè samfara einhverju embætti, nái ekki til em-bættismanna í andlegri stött. Útaf þessu hafið þér í bræfi til dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 2. janúarm. þ. á., sem hún hefir sent hingað, borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort þér í stöðu yðar sem biskup værið undanþeginn því, að gjalda skatt af nafnbótartign þeirri, sem fylgir biskupsembættinu, eða ekki, og hafið þér jafn-framt tilgreint þær ástæður, er þér þykist hafa til að vera laus við þetta gjald.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið getur ekki sèð, að tæð lagaboð veiti yður nokkra undanþágu undan því, að greiða nafnbótaskatt eins og hingað til, jafnt og aðrir biskupar í ríkinu.